278. fundur

Mánudaginn 23. desember 2019, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Helga Ingólfsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Í síma voru: Arnar Árnason og Guðrún Lárusdóttir. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Verðlagning.**
Lögð var fyrir greinargerð um þróun gjaldaliða hjá mjólkursamlögum, hækkunarforsendur og endurskoðaður ársreikningur Mjólkursamsölunnar 2018. Á fundi nefndarinnar þann 19. desember höfðu verðlagsgrundvellir kúabús fyrir september 2018 og mars, júní, september og desember 2019 verið lagðir fram. Umræður um niðurstöður framlagðra gagna.

Borin fram tillaga um 2,5% hækkun á lágmarksverði 1. flokks mjólkur til bænda og 2,5% hækkun á heildsöluverði mjólkurvara sem nefndin verðleggur. Tillagan var samþykkt samhljóða og tekur hún gildi þann 1. janúar 2020.

Ákvörðun nefndarinnar gengur skemur en þróun verðlagsgrundvallar og gjaldaliða hjá mjólkursamlögum. Um 15 mánuðir eru liðnir frá síðustu verðlagningu og var nefndin sammála um að verðlagning væri tímabær. Í ljósi uppsafnaðrar hækkunarþarfar og nýlegrar endurskoðunar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar var ákveðið að stilla verðhækkun í hóf að sinni en jafnframt að verðlagning verði endurskoðuð aftur á fyrstu mánuðum næsta árs.

Forsendur verðlagningar byggjast á verðlagsgrundvelli kúabús og þróun gjaldaliða hjá mjólkursamlögum frá ágúst 2018 til desember 2019, auk annarra framlagðra gagna. Heildarkostnaður verðlagsgrundvallar kúabús hefur hækkað um 5,9% frá því að síðast var verðlagt 1. september 2018 til 1. desember 2019. Reiknuð hækkunarþörf mjólkursamlaga á sama tímabili er 5,2%, en þá er ekki reiknað með hækkun lágmarksverðs til bænda skv. ákvörðun þessa fundar.

Næsti fundur nefndarinnar verður 28. janúar 2020.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:00.

Friðrik Már Baldursson Arnar Freyr Einarsson